



REGLUGERÐ UM STYRKTARSJÓÐ GSÍ

1. gr.

Styrktarsjóði Golfsambands Íslands er ætlað að styrkja íslenska golfklúbba við rekstur golfvalla sinna eða mannvirkja, sbr. 16. grein laga GSÍ.

2. gr.

Fyrst og fremst er horft til þess að styrkja golfklúbba sem þurfa að bregðast við óvæntum áföllum í rekstri golfvalla sinna eða annarra mannvirkja. Einnig er sjóðnum heimilt að styrkja golfklúbba við að koma sér upp lágmarksbúnaði við rekstur golfvalla.

3. gr.

Gert er ráð fyrir því að umsækjendur leggi sjálfir fram mótframlag í viðkomandi verkefni gegn þeim styrk sem samþykktur verður.

Skilyrði fyrir greiðslu er að greinargerð sé skilað til GSÍ þar sem framvindu verkefnisins er skilmerkilega lýst.

4. gr.

Umsóknir um styrki úr sjóðnum, ásamt fylgigögnum, skulu sendar info@golf.is.

Úthlutanir til golfklúbba fara eftir þeim umsóknum sem berast sjóðnum og stjórn GSÍ tekur endanlega ákvörðun um úthlutun.

Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 12. apríl 2021.